



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. P 141/212*

*komudagur 24.10.2012*

Reykjavík, 24. október 2012

*Mál nr. 0903014*

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa, 131. mál**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn neðangreindra samtaka um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa. Samtökin hafa áður sent nefndinni umsagnir sínar um þetta mál, 22. mars 2011 og 19. janúar 2010, en áður voru ráðuneytinu sendar umsagnir þann 22. september 2009 og 31. mars 2009.

Samtök aðila í sjávarútvegi og landflutningum hafa ítrekað hafnað hugmyndum um að steypa saman lögum um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa í ein lög og eina rannsóknarnefnd. Þessari grundvallarskoðun hefur verið komið rækilega á framfæri í umsögnum til ráðuneytisins við undirbúning frumvarpsins og við samgöngunefnd Alþingis.

Í stuttu máli þá er það mat samtakanna að:

1. Það sé ekki verið að auka skýrleika og skilvirkni þeirra laga sem í gildi eru.
2. Með þessu frumvarpi sé dregið úr sjálfstæði rannsóknarnefndanna sem hefur verið styrkt með núgildandi lögum.
3. Hvergi er sýnt fram á að hver samlegðaráhrifin yrðu við slysarannsóknir í einstökum greinum. Slysarannsóknir krefjast mikillar sérþekkingar og reynslu, sbr. þá staðreynd að það gilda ekki sömu alþjóðlegu reglur um rannsókn slysa og að sérstök sjónarmið gilda um hverja tegund starfsemi eðli málsins samkvæmt.
4. Engin rök eru að finna í frumvarpinu sem sýna fram á að rannsóknum sé ábótavant eða hafi verið það.
5. Sátt ríkir um núgildandi fyrirkomulag slysarannsókna, en með frumvarpinu er umhverfið sett í óþarfa óvissu.
6. Engin gögn voru lögð fram við undirbúning frumvarpsins til að rökstyðja þá hagræðingu sem ná á skv. frumvarpinu. Upplýsa ber um það kostnaðarmat sem ráðuneytið hefur gert.

Samtökin hafa óskað eftir samráði við stjórnvöld varðandi undirbúning þessa máls, en því miður hefur ráðuneytið ekki kallað eftir samvinnu við samtökin, sem væri hinn eðlilegi gangur málsins, enda í allra þágu að slysarannsóknnum sé sinnt af fagmennsku fyrir alla hlutaðeigandi. Við leggjum því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Farmanna og fiskimannasamband Íslands



Landssamband íslenskra útvegsmanna



Samtök atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins




Samtök verslunar og þjónustu



Sjómannasamband Íslands



Slysavarnarfélagið Landsbjörg



VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna